



Miðsumarsúthlutun 2025


Miðsumarsúthlutun hefur nú farið fram. Hún er fyrri hluti aðalúthlutunar 2025, en seinni hlutinn greiðist í desember. **Miðsumarsúthlutun nemur nú um 168 milljónum.** Aðalúthlutun tekur til spilunar **innanlands**, en áætlað er að samtals muni aðalúthlutun verða á bilinu 280–300 milljónum.

Miðsumarsúthlutun í ár felur í sér eftirfarandi:

- Hartnær 80% af spilun á útvarps- og sjónvarpsstöðvum á árinu 2024.
- Hluta af skilgreindri bakgrunnstónlist („fyrirtækjastreymi“) á árinu 2024.
- Hluti af óskilgreindri bakgrunnstónlist á árinu 2024.
- Spilun í kvikmyndahúsum á árinu 2024.
- Spilun í vélum Ícelandair á árinu 2024.

Seinni hlutinn, í desember, mun síðan fela í sér u.þ.b. 20% af útvarps- og sjónvarpsspilun og hluta af greiðslu fyrir bakgrunnstónlist. Einnig verður þá skv. venju greitt fyrir frumflutning á árinu 2024, tónlist í kirkjuathöfnum sem og eintakagerð til einkanota (IHM).

Þróun miðsumarsúthlutunar undanfarin ár:



Bríet hlaut Langspilið



Við afhendingu vorstyrkja þann 30. maí var langspil ársins einnig afhent, en það eru sérstök verðlaun STEFs, sem árlega eru veitt höfundum sem skarað hefur fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á nýliðnu ári.

Langspilshafi ársins er **BRÍET ÍSIS ELFAR**, en hún hefur á undanförunum árum klifrað hægt og bítandi upp spilunarlista útvarpsstöðva og á netinu, sem hefur eðlilega endurspeglast í auknum úthlutunum frá STEFi – og var síðasta ár metár hvað hana varðar.

Við óskum Bríeti velfarnaðar á komandi árum og vonum að verðlaunin verði henni góð hvatning til frekari afreka.


Meðfylgjandi mynd tók Sigríður Marrow ([smella til að stækka](#)). **Hér eru svo fleiri myndir.**

Nánari tölfræði á „Mínum síðum“

Undanfarið hefur verið unnið að því að bæta notendaumhverfið á „Mínum síðum“, nánar tiltekið fjölga tölfræðimöguleikum. Nú geta rétthafar tekið saman lista yfir 10 tekjuhæstu verk á ákveðnu árabili. Þegar þau birtast er svo hægt að smella á hvert og eitt og skoða tekjuþróun eftir árum, einnig skiptingu milli úthlutunarflokka, sem og skiptingu milli landa á tilteknu tímabili ef um erlendar greiðslur er að ræða.

Einnig er nú með einföldum hætti hægt að sækja samtölur úr úthlutunum yfir ákveðið árabil. Ath. að þessi möguleiki felur ekki í sér NCB/NMP-úthlutanir að svo stöddu, en það stendur til bóta.

Smellið hér fyrir stærri mynd.



Gervigreindartónlist – Stefna norrænna höfundaréttarsamtaka um leyfisveitingar



Notkun gervigreindar í tónlist, ekki síst á sviði tónsmíða, hefur vakið upp krefjandi spurningar og efasemdir um lögmæti, enda styðjast gervigreindarmódel við höfundavarið efni í þróun og framleiðslu, nokkuð sem kallað hefur verið „spunagreind“ (e: generative AI).

Eðlilega hafa höfundaréttarsamtök hvervetna látið sig þetta varða, því segja má að þessi þróun sé að verða helsta áskorun tón- og textahöfunda – og í raun tónlistarbransans í heild.

Enginn vafi leikur á því að framfarir á sviði gervigreindar byggja á höfundavörðu efni, því til þess að þjálfun gervigreindar skili árangri, skiptir aðgengi að stórum og fjölbreyttum gagnasöfnum höfuðmáli. Gagnasöfnin eru einfaldlega áður útgefin og höfundaréttarvarin tónlist, sem byggt er á til að læra og skilja flókin mynstur.

Höfundaréttarsamtök á Norðurlöndunum hafa nú komið sér saman um meginreglur varðandi leyfisveitingar fyrir gervigreindarfyrirtæki sem bjóða uppá þjónustu er byggir á spunagreind. Koma þar fram skýrar væntingar um að viðskipti slíkra fyrirtækja skuli taka mið af réttindum höfunda hugverkanna sem eru undirstaða framleiðslunnar.

Í sameiginlegri yfirlýsingu segir:

„Fyrirtæki sem byggja á gervigreind verða að virða réttindi höfunda, starfa með gagnsæjum hætti og gera leyfissamninga við rétthafa. Norrænu samtökin leitast við að vera í fararbroddi við að móta sameiginlega afstöðu til leyfisveitinga fyrir slík fyrirtæki, með það að markmiði að byggja upp ábyrgt, sjálfbært og skapandi hagkerfi.

Þessi fyrirtæki reiða sig á höfundarréttarvarða tónlist til að þjálfra og framleiða efni, sem keppir beinlínis við hina manngerðu tónlist. Eins og með aðra notkun á höfundarréttarvarinni tónlist, þá verða framleiðendur að gera leyfissamninga við tilheyrandi samtök rétthafa, sem tryggja sanngjarna þóknun þeim til handa.“

Hina sameiginlegu stefnu norrænu höfundaréttarsamtakanna má lesa **með því að smella hér**.

Endurnýjaður og uppfærður samningur við SÝN



sýn

Á dögunum var leyfissamningur STEFs við **Sýn** endurnýjaður og uppfærður, eftir alllangt ferli, en fyrri samningur var kominn nokkuð til ára sinna. Nýi samningurinn felur í sér niðurstöðu sem báðir aðilar geta vel við unað og munu rétthafar finna fyrir jákvæðum breytingum á næstu árum.

Rétt eins og útvarps- og sjónvarpsstöðvar þurfa á tónhöfundum að halda, þá þurfa þeir jafnframt á stöðvunum að halda. Það er höfundum að sjálfsögðu afar mikilvægt að fyrirtæki eins og Sýn séu starfrækt og hafi rekstrargrundvöll, en undir hatti Sýnar eru nokkrar af stærstu stöðvum landsins, helstar þeirra Bylgjan og Stöð 2 (nú Sýn).

Við þökkum forsvarsfólki Sýnar viðskiptin nú sem fyrr og hlökkum til áframhaldandi viðskipta og samvinnu, höfundum, ljósvakamiðlum og áheyrendum til heilla, ánægju og yndisauka.

Ráðherra í heimsókn



Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, kom ásamt aðstoðarfólki í hádegisverðarboð í höfuðstöðvar STEFs í vor. Tilfni heimsóknarinnar var að kynna fyrir ráðherra eðli og starfsemi samtakanna og veita stutta sýn inn í ærin verkefni sem við er að eiga frá degi til dags. Áttu fundarmenn gott samtal um starfið og krefjandi áskoranir sem blasa við tónhöfundum og tónlistarbransanum í heild sinni í nútíð og framtíð.

Stjórnarfolk STEFs og framkvæmdarstjóri stilltu sér upp fyrir myndatöku, eins og góð dægurlög gera ráð fyrir þegar svona ber undir. Við þökkum ráðherra og hans fólki fyrir góð viðkynni og gagnlegan fund.


Ársreikningur STEFs 2024

Þjálfarastuðun STEFs 2024 – Niðurstöður


Sl. sumar stóð STEF fyrir þjónustukönnun, sem við gerum að jafnaði á tveggja ára fresti. Þátttaka var með ágætum og við þökkum góð viðbrögð, það er mikilvægt að vita álit réttþafa á þjónsemi og þjónustu STEFs.

Annars vegar er könnunin að upplagi á svipuðum notum hverju sinni, þannig að samanburður fáið á milli kannana. Hins vegar er jafnan spurt út í sértaek atriði eða málefni sem í deigluinni eru hverju sinni.

Íþlutanir - Eðli og dreifing



Skipting rekstrartekna 2024



22 VÍDBURDIR, VINNUSTOFUR & FLEIRA

**Bragfræðsla -
Söngtextanámskeið Braga
Valdimars**

Þann 5. maí sl. bauð tón- og textahöfundurinn góðkunnli, **Bragi Valdimar Skúlason**, upp námskeið í söngtextagerð í hófuðstöðvum STEFs. Fór hann yfir nokkur mikiðvæg atriði við

Ávarp stjórnarformanns

Avvar stjórnað í hús

Ein eini rekstrarárð er tókla þá STEFLOG enn einu sinni hefur (stíðlutt til meðlms STEF) aukist þá árinu áður. Hækkunin er þó höflegri en í fyrra, sem var metár. Þó virðist það vera náttúruglsmál að alitall er söt að hófanderstíttun, nú sem áldrei fyrr. Gervínglndin er orbin raunarverðug ögn við starfsumhverfi fólksmáanna, kannski sérstaklega þeirra sem vinna í lagahöfundastöð, svo sem í verklyndum og sjónvörð, en laga lagahöfund, þar sem tónlist þeirra er oft sjálfvörð, en lagahöfundastöð, en hvað sem þvi líður þá mun sjálfvörð, en lagahöfundastöð, en hvað sem þvi líður þá mun

Aðalsteinn Ásberg hlýtur heiðursmerki

Heldur hefur gengið á medalíu liðnu starfsári. Í aprílþryjun var Ásberg Sigurðsson sæmdur heiðursbreyti STEFs. Fengu formaðir framkvæmdastjóri góðfúslegu á dásamlegum tónleikum þarsdóttur í Salnum, hvar hýmsum áttum, sem öllu merkt að bera texta Áðalast

ÍTV 2025

Íslensku tónlistarverðlaunin (ITV) þynnríó 2024 varu afhent í Hörpu þann 12. mars sl. Heiðursverðlaunin á ár féllu í skaut **Steinars Berg Ísleifssonar**, sem um langt skeið var ótullasti tónlistarútgáfandi landsins. Hann var jafnframt frumkvöðull í útrás íslenskrar tónlistar og með hans atvilygi náði Mezzoforte, fyrsti íslenskra tónlistarmanna, lagi inn á þessara vinsældarlista.

Plötur ársins 2024 þóttu vera „Miss Flower“ (Emiliana Torriní), „Wandering Beings“ (Guðmundur Pétursson), „Allt sem hefur gerst Valdemarsson“, „1000 orð“ (Birnir og Bríet), „Innocence“ (Snorri H. Margrét Tulínus).

Lög ársins voru „Fullkomið farartæki“ (Nýdóttir), „Mona Lisa“ (Me
Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit (Snorri Sigrús Birgisson), „Mona Lisa“ (Me
Skúlason). Textahöfundur ársins var Kristín Eiríksdóttir, fyrir librettó í

Söngvarar ársins 2024 voru Magni Ágústsson, Flytjendur ársins voru valin Óskar Guðjónsson, Magnús Jóhann Helðar Ólafsson.

Má er málfræðast um verðlaunahafa á vefslóðinni istn.is

YTRA UMHVERFI

„Manngerð hugverk þarf að vernda!“

Rannsóknarskýrsla CISAC um gervigreina og
höfundarétt

Nýlega héldu alþjóðasamtök blaðamannafund, þar sem kynntar voru rannsóknar samtakanna á áhrifum gerðarinnar sér í lagi á höfunda.

Það var forseti samtakanna, Björn Ulveus, se og sat fyrir svörum að kynningu lokinni, en ein kunnugt, þá var Björn drifljóður hinnar dáu ABBA.

Hér eru helstu niðurstöður rannsóknarinnar hvað tekjur varðar:

- 16 milljarðar evra er áætlað markaðs- og sölukostnaðurinn á milli ára. Þetta er áætlað miðað við 5 árum þangað til.

Leiftur frá liðinni tíð

Aðalfundur STEFs var haldinn þann 23. maí sl. og var fulltrúaráði þar kynntur ársreikningur fyrir 2024 og hann samþykktur.

Úthlutun STEFs til rétthafa, innlendra sem erlendra, nam alls **1.027.863.512** kr. í fyrra. Þetta var því enn eitt metárið, en vert er að geta þess að vöxtur undanfarin ár er töluvert umfram þróun verðlags.

Árs- og gagnsæisskýrslu 2024-25 er hægt að sjá með því að smella hérna, en auk lykiltalna úr rekstri er þar er að finna fjölmargar fréttir frá starfsárinu.

Á forsiðunni getur að líta söngvaskáldið **Magnús Eiríksson** meðtaka fögnuð viðstaddra á viðhafnartónleikum í Hörpu þann 1. desember 2024, hvar hann var fyrstur manna sæmdur „Þakkarorðu íslenskrar tónlistar“.

Hér er að finna ársreikning STEFs fyrir árið 2024.

Gleðilegt söngvasumar! 😎

